Klapparstígur 29
101 Reykjavík

Sími: 519 3300
gamma@gamma.is
www.gamma.is

GAMMA
GAM Management hf

# Skuldabréfavísitölur GAM Management hf. - september 2011

**GAMMA: GBI 209,576** **GAMMAi 220,145** **GAMMAxi 174,865**

*Gengi vísitalna síðasta viðskiptadag í ágúst (sett 100 1. jan 2005).*

## Vigtir skuldabréfa

| | GAMMA: GBI | | | GAMMAi: Verðtryggt | | | GAMMAxi: Óverðtryggt | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1.ágú.11 | 1.sep.11 | Breyting | 1.ágú.11 | 1.sep.11 | Breyting | 1.ágú.11 | 1.sep.11 | Breyting |
| HFF 24 | 15,78% | 15,26% | -0,52% | 22,15% | 21,31% | -0,84% | | | |
| HFF 34 | 19,04% | 19,38% | 0,34% | 26,73% | 27,06% | 0,34% | | | |
| HFF 44 | 31,25% | 31,76% | 0,52% | 43,87% | 44,36% | 0,49% | | | |
| RIKS21 0414 | 5,17% | 5,20% | 0,03% | 7,26% | 7,27% | 0,00% | | | |
| RB12 0824 | 3,90% | 3,70% | -0,20% | | | | 13,56% | 13,03% | -0,53% |
| RB13 0517 | 6,29% | 6,18% | -0,11% | | | | 21,88% | 21,77% | -0,12% |
| RB16 1013 | 3,19% | 3,38% | 0,18% | | | | 11,10% | 11,90% | 0,79% |
| RB19 0226 | 7,26% | 7,16% | -0,09% | | | | 25,24% | 25,23% | -0,01% |
| RB25 0612 | 6,60% | 6,50% | -0,11% | | | | 22,96% | 22,88% | -0,08% |
| RB31 0124 | 1,51% | 1,48% | -0,04% | | | | 5,26% | 5,20% | -0,06% |
| | 100,00% | 100,00% | | 100,00% | 100,00% | | 100,00% | 100,00% | |

Breytingar voru á vigtum skuldabréfavísitölunnar vegna útgáfu og afborgana. Gefnir voru út 2,1ma í RB16 og útgáfa í HFF um síðustu mánaðamót kom inn í vísitöluna núna þ.e. 2ma í HFF34 og 2,5ma í HFF44. Einnig var vaxtagreiðsla af RB12 og afborgun af HFF24 og lækkuðu vigtir þeirra samsvarandi.

Hlutfall óverðtryggðra bréfa lækkaði úr 28,8% í 28,4%.

Markaðsverðmæti skuldabréfa í vísitölunni jókst um rúma 14ma og er nú 1.346ma.

Líftími vísitölunnar stóð nánast í stað og er nú 8,86 ár.




## Ávöxtun vísitölunnar

Skuldabréfavísitala GAMMA, GAMMA: GBI, hækkaði um 1,2% í ágúst og hefur nú hækkað um 4,1% á árinu.

Verðtryggð bréf hækkuðu samkvæmt GAMMAi um 1,9% og hafa nú hækkað um 8,2% á árinu. Vísitala óverðtryggðra bréfa GAMMAxi lækkaði um 0,3% og hefur lækkað um 5,5% á árinu.

Ágætis velta var í ágúst eða um 12,1ma að meðaltali en meðaldagsvelta það sem af er ári er um 10,1ma.

| | GAMMA: GBI | GAMMAi | GAMMAxi |
|---|---|---|---|
| 1w | 0,46% | 0,38% | 0,67% |
| 1m | 1,24% | 1,85% | -0,29% |
| 3m | 2,12% | 3,12% | -0,40% |
| 6m | 3,61% | 6,30% | -2,96% |
| 1Y | 3,46% | 7,06% | -5,21% |
| ytd | 4,09% | 8,18% | -5,52% |







## Um skuldabréfavísitölur GAMMA

*Skuldabréfavísitölur GAMMA eru reiknaðar og birtar af GAM Management hf., óháðu og sérhæfðu ráðgjafar- og sjóðastýringarfyrirtæki með starfsleyfi frá FME sem tekur til reksturs verðbréfasjóða og fjárfestingarráðgjafar. Vísitölurnar sýna heildarávöxtun útgefinna íbúðabréfa, ríkisbréfa og spariskírteina, hlutfallsvigtað miðað við markaðsverðmæti hvers bréfs í hlutfalli af heildarmarkaðsverðmæti skuldabréfa í vísitölunni. Notast er við lokagengi skuldabréfa á hverjum viðskiptadegi eins og það er birt í NASDAQ OMX Nordic Exchange. Heildarávöxtun þýðir að vaxtagreiðslur og afborganir eru í raun endurfjárfestar aftur í vísitölunni. Sjá nánar í GAMMA: Government Bond Index – aðferðafræði.*

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspegla eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfum og verðbréfasjóðum og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.